

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um matvæli, lögum um slátrun og sláturafurðir og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (eftirlit, verkaskipting, EES-samningurinn).

(Eftir 2. umræðu, 3. maí.)

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.**

1. gr.

A-liður 6. gr. laganna orðast svo: allri frumframleiðslu matvæla, annarra en matjurta.

2. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna koma fjórir nýir máslíðir, svohljóðandi: Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta þurfa ekki starfsleyfi en skulu tilkynna heilbrigðisnefnd um starfsemi sína. Matvælafyrirtæki sem stunda sauðfjár- eða hrossarækt þurfa ekki starfsleyfi en skulu tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst. Matvælafyrirtæki sem framleiða kapla-, geita- eða sauðamjólk skulu hafa starfsleyfi. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu spíra skulu hafa starfsleyfi.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum um slátrun og sláturafurðir, nr. 96/1997, með síðari breytingum.**

3. gr.

17. gr. a laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra og afurðir unnar úr þeim.

### III. KAFLI

#### **Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.**

4. gr.

5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra og afurðir unnar úr þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.